


NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA Í
HOFSA Í VOPNAFIRÐI 1985 OG 1986

STEINGRÍMUR BENEDIKTSSON

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-A/87001



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

Egilsstöðum
maí 1987

VMST-A/87001

I. INNGANGUR:

Í þessari skýrslu verður fjallað um niðurstöður tveggja seiðakannana í Hofsa í Vopnafirði. Fyrri könnunin var gerð dagana 27.-28. júlí árið 1985, en hin síðari þ. 10. ágúst 1986.

Athuganir sem þessar hafa verið gerðar á hverju ári, í öllum laxveiðiánum í Vopnafirði allt frá 1979. Tilgangurinn með þeim er aðallega tvíþættur. Annars vegar er reynt að meta ástand einstakra seiðarganga og spá um veiðihorfur næstu árin út frá því, en hins vegar að freista þess að varpa ljósi á ástæður þeirra miklu sveiflna í laxveiði, sem einkennt hafa þessar ár undanfarid.

Útibú Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum hefur haft með þessar rannsóknir að gera allt frá því að það var opnað árið 1982 og hefur Árni Helgason séð um rafveiðarnar öll árin.

II. AÐFERÐIR:

Gagna var aflað þannig að seiði voru veidd með rafmagni, eins og venjulega. Rafveiðum hefur áður verið lýst (Árni Helgason, 1984). Þó er ástæða til að geta þess að sumarið 1986 voru notuð nokkuð endurbætt tæki við rafveiðarnar. Þessi tæki gefa meiri spennu en áður eða 600 V. Hugsanlega veiða þessi tæki betur en hin gömlu þótt ekki hafi verið sýnt fram á slíkt. Ekki er ljóst hversu mikil þessi áhrif gætu verið og raunar verður ekki séð að þau séu neitt afgerandi mikil. Verður þetta því látið liggja á milli hluta, a.m.k. að sinni.

Sumarið 1985 var rafveitt á fleiri stöðvum en áður hefur tíðkast í Hofsa, eða 9 alls. 1987 var veitt á 7 stöðvum og bæði árin var látið duga að fara eina yfirferð með rafveiðitækinu á hverri stöð.

III. NIÐURSTÖÐUR:

Niðurstöður eru settar fram á súluritum á 1., 2. og 3. mynd. Framgögn úr rafveiðunum fylgja skýrslunni í sérstökum viðauka aftast. Árið 1985 veiddust óvenju fá seiði af öllum árgöngum í Hofsa, þ.e.

þéttleiki minnkaði mikið miðað við niðurstöður frá 1984. 1986 var ástandið svipað og 1985 hvað varðaði eldri seiði, en mikið fékkst af eins árs seiðum í fyrsta skiptið í nokkur ár. (3. mynd).

Sérstaka athygli vekur að seiði af öllum árgöngum vaxa mjög vel, sérstaklega 1986.

IV. ÁLYKTANIR:

Þær niðurstöður sem fengust í rafveiðum 1985 og 1986 benda til að veiðibata þeim sem hófst 1985 sé nú u.þ.b. að ljúka og að framundan sé samdráttartímabil í laxveiði.

Búast má við að þessa samdráttar verði vart strax á næsta veiðitímabili (1987). Að vísu verða stórlaxagöngur væntanlega miklar, en samkvæmt niðurstöðum úr rafveiðum 1985 eru horfur varðandi gönguseiða framleiðslu Hofsaár, slæmar fyrir 1986. Því má gera ráð fyrir að smálaxagöngur verði minni 1987, en undanfarin tvö ár, og að heildarveiði minnki þess vegna. Einnig má búast við því að þetta ástand vari í nokkurn tíma af því að allir árgangar sem veiðast 1985 eru litlir.

V. UMRÆÐUR:

Laxveiði var hörmulega lítil í Hofsa á árunum 1981 - 1984. Árið 1985 batnaði hún og jókst svo enn 1986. Til þess að finna ástæður þessarar veiðiaukningar er rétt að líta í eldri skýrslur og til hægðarauka hef ég tekið niðurstöður eldri kannana saman á 3. mynd.

Eftirfarandi kemur í ljós; Seiðaárgangurinn frá 1980 hefur alltaf verið talinn sterkur (Árni Helgason, 1982 og Árni Helgason 1984). '81 árgangurinn var í fyrstu talinn lélegur (Árni Helgason, 1982), en samkvæmt nýrri rannsóknum var hann vanmetinn og hlaut hann því betri einkunn síðar (Árni Helgason, 1984). Frá 1982 - 1984 var nýliðun hins vegar jafnan léleg, þ.e.a.s. seiðaárgangarnir frá '82, '83 og '84 eru allir litlir, í öllum könnunum þar sem þeir sjást (3. mynd).

Jafnframt þessu leiddu tilraunir, sem gerðar voru með gönguseiða-

gildru, í Vesturdalsá, í ljós að venjulega virðast flest gönguseiði hvers árs vera fjögurra ára (Arni Helgason, 1984).

Samkvæmt ofansögðu er eðlilegt að rekja veiðibatann '85 - '86 að mestu leyti beint til '80 og '81 árganga laxaseiða. Það er því miður einnig rökrétt að álykta að eftir að þessir sterku árgangar eru gengnir til sjávar verði fall í gönguseiðaframleiðslunni og síðan í veiði. Þetta kemur allt mjög skýrt fram í niðurstöðum rafveiða (3. m) t.d. ef bornar eru saman niðurstöður 1984 og 1985 (Ath. að rafveiðar fara fram í upphafi vaxtartíma árið 1984). 1984 mynda seiðin frá 1981 stóran hóp sem hefur að mestu gengið til sjávar snemma sumars 1985 samkvæmt rafveiðum það árið. Eftir í ánni eru eingöngu seiði af lélegu árgöngunum frá árunum '82 - '84 og horfur varðandi gönguseiðaframleiðslu næstu 2 - 3 árin eru í samræmi við það lélegar.

Það sem hér hefur verið sagt er grunnurinn undir veiðispána í kaflanum um ályktanir. Ef betur er farið í atburðarásina ætti hún að verða á þessa leið; Gönguseiðaframleiðsla minnkar sumarið 1986 miðað við 1985. Því verða smálaxagöngur 1987 minni en 1986. Stórlaxagangan 1987 verður hins vegar góð, af því að þar verða á ferðinni fiskar sem ættaðir eru úr gönguseiðum sumarsins 1985. Árið 1988 kemur minnkandi gönguseiðaframleiðsla svo einnig fram í stórlaxagöngunni þannig að veiði minnkar líklega allmikið milli árana 1987 og 1988. Bata er ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi þegar seiðin frá 1985 koma fram í veiði. Það verður vart fyrr en 1989 - 1990 og eins er óvíst um afkomu þessara seiða þau tvö til þrjú ár sem þau eiga eftira eyða í ánni svo ekkert verður sagt af öryggi um hve lengi veiðilægðin varir. Ennfremur er erfitt að segja til um hve mikill samdrátturinn verður, en miðað við niðurstöður frá 1985 sýnist ástandið slæmt. Ákveðnir þættir hafa þó jákvæð áhrif. Nefna má að vöxtur seiða hefur verið óhemju mikill bæði árin 1985 og 1986. T.d. eru tveggja ára seiði nálægt því að ná viðmiðunarmörkum sjögöngustærðar (10 cm) þegar rafveitt er 1986. Ennfremur er ástand sjávar gott eins og er og hefur

Það jákvæð áhrif á afkomu þeirra seiða sem nú eru í hafi. Fyrsta raunverulega vísbendingin um hve mikils samdráttar er að vænta, verður hins vegar stærð smálaxagöngunnar 1987.

Atburðarásin sem leiðir til minnkandi veiði á næstu árum er nú þegar svo langt á veg komin að ógerlegt er að hafa áhrif á hana með sleppingum, nema notuð séu gönguseiði. Tilraunir með gönguseiðasleppingar í Vopnafirði hafa hins vegar ekki skilað miklum árangri hingað til. E.t.v. er að vísu hægt að bæta þar eitthvað úr en þar sem gönguseiði eru mjög dýr virðast þau nokkuð hæginn kostur.


Smáseiðasleppingar eru vænlegri kostur. Að vísu koma þær ekki strax fram í veiði þar sem seiðin alast að mestu upp í ánni. Samt sem áður ætti að vera hægt að bæta ánni upp að einhverju leyti lélega árganga með smáseiðasleppingum. Í því skyni verður að fylgjast áfram með seiðaástandi með rafveiðum. Þegar lélegir árgangar koma fram verður svo að sleppa seiðum á ófiskgenga hluta Hofsfár. Einnig má hugsa sér að nýta ófiskgenga hlutann annað hvort með því að færa þangað hrygningarfisk á hverju ári, eða með því að grafa frjóvguð hrogn í botninn. Veiðiréttareigendur verða eiginlega að svara því sjálfir hvaða leið þeir telja hagkvæmasta. Eins og er eru seiði dýr svo að spurningin er hvort kostnaðurinn við að auka veiði um eitthvað ákveðið skilar sér í hækkuðu veiðileyfaverði.

Heimildir:

Árni Helgason, 1982: Niðurstöður rafveiða í Hofsfá og Sunnudalsá í Vopnafirði árið 1982. VAUST/8206


Árni Helgason, 1984: Niðurstöður rafveiða í Hofsfá í Vopnafirði árin 1983 og 1984. VAUST/8410

1. mynd. Rafveiðar í Hofsá 27.-28.7'85. Á súluritunum sést lengdar- og aldursdreifing, auk umreiknaðs fjölda laxaseiða sem veiddust á hverri stöð. Hver lengdarflokkur nær yfir 5 mm (t.d. 3,1-3,5 o.s.frv.). Aldur er táknaður með línun fyrir ofan hverja mynd. Fjöldi er umreiknaður miðað við að veitt hafi verið af 100 m² Fj/loom² á hverri stöð.




2. mynd. Rafveiðar í Hofsa 10.8.'86. Myndirnar sýna lengdar og aldursdreifingu, auk umreiknaðs fjölda laxaseiða sem veiddust á hverri stöð. (Sjá nánar skýringar við 1. mynd.).


Fjöldi/100 m²




Stöð nr 1d: Neðan við
Ásbrandsst.
54 m²




Nr 1c: Milli Fells og
Ásbrandsst.
136 m²




Nr 1b: 200 m utan við
Hof.
208 m²




Nr 2a: 1 km innan við
Hof
306 m²



Nr 3b: Milli Þorbr.st.
og Burstafells.
300 m²




Nr 4: Við Einarstaði.
308 m²




Nr 6a: Milli Tunguár og
Einarstaða.
174 m²


3. mynd. Niðurstöður rafveiða í Hofsa á árunum 1980 - 1986. Á hverri mynd eru sýnd öll laxaseiði sem samtals fengust í l. yfirferð af öllum stöðvum viðkomandi ár. Fjöldi er umr. miðað v. 100 m².




26. ágúst, 1980.
2 stöðvar; 476 m²




12.-13.7. 1981.
4 st; 1078 m²




14.-15.8. 1982.
4 st; 1796 m²




29.-30.8. 1983.
5 st; 810 m²



26.6. 1984.
4 st; 530 m²



27.-28.7. 1985.
9 st; 3670 m²



10.8. 1986.
7 st; 1489 m²

VIÐAUKI
frumgögn

1a: lax '85.....	bls.	9
1b: urriði '85.....	-	10
1c: bleikja '85.....	-	10
2a: lax '86.....	bls.	11
2b: urriði '86.....	-	12
2c: bleikja '86.....	-	12

1a. Laxaseiði úr rafveiðum í Höfsá 1985.
 Röð stöðva sbr. 1. mynd.

ALDURSGREININGAR

fjöldi	ALDURSGREININGAR	
	lengd cm	aldur
5	7,8 9,7 11,5	2+ 2+ 4+
5	6,5 7,2 7,5 9,4	1+ 1+ 1+ 2+
5	10,2	3+
5	10,6 10,8 12,0	4+ 4+ 4+
5	8,0 8,5 9,3 10,5 11,9	2+ 2+ 2+ 3+ 4+
5	8,4 9,9 11,1	2+ 3+ 4+
5	5,8 8,7 12,0 12,1	1+ 2+ 4+ 4+

1b. Urriði úr rafveiðum í Hofsa 1985.

Röð stöðva sbr. 1. mynd.

fjöldi	ALDURSGREININGAR	
	lengd cm	aldur
2	11,3	2+
1	14,8	3+
1	10,7	2+

1c. Bleikja úr rafveiðum í Hofsa 1985.

Röð stöðva sbr. 1. mynd.

4	12,0	2+
3	8,2	1+
2	9,0	2+
1	9,7	1+
1	10,6	2+
1	8,3	1+
1	10,0	2-3+
1	9,7	1+

2a. Laxaseiði úr rafveiðum í Hofsa 1986.

Röð stöðva sbr. 2. mynd.

ALDURSGREININGAR

lengd cm aldur

fjöldi

5

5

5

5

5

5

5

5

10

Lengd (cm)

12,9 3+
13,4 4+
9,7 2+

6,5 2+
6,7 2+
8,8 2+
9,4 2+

9,5 2+
10,5 3+
11,1 3+
11,2 3+

6,0 2+


2b. Urriði úr rafveiðum í Hofsa 1986.

Röð stöðva sbr. 2. mynd.

fjöldi	ALDURSGREININGAR	
	lengd cm	aldur

5

10 lengd cm



7,4



1+

9,1

2+

2c. Bleikja úr rafveiðum í Hofsa 1986.

Röð stöðva sbr. 2. mynd.



5,0

0+

5,6

1+

8,0

1+

8,8

1+

12,0

2+